



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rekstrarkostnað grunnskóla sem ekki hefur verið verðbættur

Á 207. fundi skóla- og frístundaráðs, 27. apríl 2021, lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska upplýsinga um uppsafnaða upphæð á öðrum rekstrarkostnaði grunnskóla Reykjavíkur sem ekki hefur verið verðbættur frá árinu 2009.

Svar:

Frá 2009 til 2021 var annar rekstrarkostnaður grunnskóla einungis verðbættur um þriðjung af hækkun neysluvísitölu á sama tíma. Á árinu 2022 voru fjárheimildir til annars rekstrarkostnaðar hækkaðar um 720 m.kr. Við gerð nýs úthlutunarlíkans til grunnskóla, Eddu, var stuðst við raunkostnað í öðrum rekstrarkostnaði næstu þriggja ára á undan. Sú nálgun skilaði áðurnefndri upphæð, 720 m.kr. Með þessu má telja að tekist hafi að verðbæta annan rekstrarkostnað grunnskóla í Reykjavík að fullu á yfirstandandi fjárhagsári 2022.